



## 149 fundur stjórnar SSV

Fundur haldinn í stjórn SSV, föstudaginn 15. nóvember 2019 kl.09:30 á skrifstofu SSV í Borgarnesi.

Mætt voru; Eggert Kjartansson, Einar Brandsson, Björgvin Helgason, Árni Hjörleifsson, Guðveig Eyglóardóttir, Lilja B. Ágústsdóttir, Sif Matthíasdóttir, Jakob B. Jakobsson, Björn Hilmarsson. Valgarður Jónsson mætti í forföllum Báru Daðadóttur og Ragnheiður Pálsdóttir mætti í forföllum Eyjólfis I. Bjarnasonar. Jósef Kjartansson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tók á að mæta.

Auk þess sátu fundinn Rakei Óskarsdóttir fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og Páll S. Brynjarsson framkvæmdastjóri SSV sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eggert Kjartansson, formaður SSV setti fund kl. 18:00.

### 1. Fundargerð 148 fundar stjórnar SSV

Formaður lagði fram fundargerð frá 148 fundi stjórnar SSV til staðfestingar. Stjórn staðfesti fundargerðina.

### 2. Samningur um Sóknaráætlun Vesturlands

Framlagður samningur um Sóknaráætlun Vesturlands 2020-2024, en formaður undirritaði samninginn þriðjudaginn 12. nóvember. Jafnframt var tilkynnt að engar ábendingar höfðu borist vegna Sóknaráætlunar Vesturlands, en hún var til kynningar í samráðsgátt frá 31.10 til 14.11 2019. Stjórn staðfesti samninginn um Sóknaráætlun Vesturlands 2020 til 2024, auk þess sem stjórn samþykkti stefnu Sóknaráætlunar Vesturlands fyrir árin 2020-2024.

### 3. Skipan úthlutunarnefndar og fagráðs Uppbyggingarsjóðs Vesturlands

Lögð fram tillaga að skipan úthlutunarnefndar og fagráðs Uppbyggingarsjóðs. Stjórn samþykkti tillöguna og fól framkvæmdastjóra að leita til þeirra aðila sem tilnefnd voru.

### 4. Málþing um sameiningu sveitarfélaga

Rætt um tillögu að málþingi um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga. Stjórn samþykkti að standa fyrir slíku málþingi og stefnt skuli að því að það verði haldið snemma árs 2020.

### 5. Samgöngumál á Vesturlandi

Lagt fram minnisblað frá fundi með Borgarstjóra um Sundabraut og fundum með Ólafi Guðmundssyni umferðarráðgjafa með íbúum á Vesturlandi annars vegar og þingmönnum Norð-vesturkjördæmis hins vegar.

Stjórn SSV samþykkti að óska eftir aðkomu að þeirri vinnu sem framundan er hjá Vegagerðinni og Reykjavíkurborg varðandi Sundabraut. Jafnframt fól stjórn

framkvæmdastjóra að bjóða svæðisstjóra Vegagerðarinnar á Vesturlandi á næsta fund stjórnar til að ræða vegamála á svæðin.

Þá bókað stjórn SSV eftirfarandi um aðgerðaráætlun Samgönguáætlunar fyrir árin 2020-2024.

„ Stjórn SSV lýsir yfir mikilli óánægju með aðgerðaráætlun Samgönguáætlunar fyrir árin 2020-2024. Það er með öllum óásættanlegt að engar nýframkvæmdir séu áætlaðar á Vesturlandi árin 2022, 2023 og 2024 og aðeins rétt rúmur milljarður sé til nýframkvæmda við þjóð- og stofnvegi á næstu fimm árum. Vissulega fagnar stjórn SSV fyrirhuguðum framkvæmdum við Vesturlandsveg á Kjalarnesi og áréttar mikilvægi þess að tvöföldun vegarins klárast árið 2022 eins og áætlað er.

Stjórn SSV hefur um árabil barist fyrir því að auknu fjármagni verði varið til lagningar bundins slitlags á tengivegi. Flest bendir til þess að Vestursvæði Vegagerðarinnar (Vesturland+Vestfirðir) fái aðeins um 250 m.kr. árlega til framkvæmda við þessa vegi sem er algerlega óviðunandi. Á Vesturlandi eru landstór sameinuð sveitarfélög sem líða fyrir það að vegir sem tengja saman jaðarbyggðir við kjarna sveitarfélaganna eru svo slæmir að erfitt er að mynda heilstætt þjónustu- og atvinnusvæði.

Stjórn SSV leggur því þunga áherslu á að aðgerðaráætlun samgönguáætlunar fyrir árin 2020-2024 verði breytt þannig að framkvæmdir við Skógarstrandarveg, sem í dag er eini stofnvegur landsins án bundins slitlags, verði flýtt sem og framkvæmdum við veg um Uxahryggi og þær hefjist eigi síðar en árið 2022. Jafnframt verði fjárveitingar til tengivega tvöfaldaðar og verði um 2 milljarðar á landsvísu ári næstu fimm árin.“

## **6. Helstu mál á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga**

Rakel Óskarsdóttir fulltrúi í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fór yfir helstu verkefni á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga þessa dagana. Þar ber helst að nefna frumvarp til þingsályktunar um málefni sveitarfélaga, umsagnir um lagafrumvörp, skipulagsmál og kjaramál. Auk þess kom Rakel inn á verkefni sem unnið er að innan samstarfsvettvangs EFTA um sveitarstjórnarmál, en Rakel er formaður vettvangsins og Eggert Kjartansson formaður SSV situr einnig fundi vettvangsins. Loks sagði Rakel stuttleg frá störfum vinnuhóps um hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga. Hópurinn hóf störf árið 2018 og er áætlað að hann ljúki störfum fyrir áramót.

## **7. Almannaþingarmál**

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðu mála varðandi ráðningu starfsmanns fyrir Almannaþingarnefnd Vesturlands. Lögreglustjóri mun ganga frá ráðningu starfsmanns í 50% stöðugildi í eitt ár. Gert er ráð fyrir að starfsmaður hefji störf í byrjun árs 2020.

## **8. Afmæli SSV- ráðstefna um framtíð Vesturlands**

Rætt um afmæli SSV og ráðstefnuna um framtíð Vesturlands sem fór fram síðar sama dag.

### **9. Vinnumarkaðsráð Vesturlands**

Lagt fram bréf frá Félagsmálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir tilnefningu fulltrúa í Vinnumarkaðsráð Vesturlands. Stjórn SSV samþykkti að tilnefna Valgarð Jónsson í vinnumarkaðsráð Vesturlands.

### **10. Nýsköpunarverðlaun SSV 2019**

Stjórn staðfesti fyrri ákvörðun sem tekin hafði verið í tölvupóstsamskiptum að Ferðapjónustan í Húsafelli fá Nýsköpunarverðlaun SSV árið 2019.

### **11. Framlögð mál**

- a. Yfirlit framkvæmdastjóra yfir fundi í október